

Á fundi bæjarráðs sveitarfélagsins þann 3. desember 2018 var ákveðið að ganga til samninga við leigutaka að undangenginni auglýsingu á húsnæðinu að Stekkakletti. Verkefnið er nýsköpunarverkefni og því fylgja möguleikar til atvinnusköpunar í sveitarfélaginu og á menningartengdum verkefnum. Hlynur Pálmason er orðinn þekktur leikstjóri á heimsvísu og er kominn með öflugt tengslanet í kvikmyndabransanum. Hlynur áformar víðtækt samstarf við menntastofnanir á Íslandi sem og erlendis sem og við aðra samstarfsaðila. Nú liggur fyrir samningur sem er byggður á auglýsingunni en það er bæjarstjóri sem hefur unnið að samningsgerðinni í samráði við lögfræðing sveitarfélagsins.

Samningurinn sem um ræðir er til sjö ára. Samkvæmt honum greiðir leigutaki 100.000 kr. í peningum og 150.000 kr. með vinnuframlagi, útgjöldum vegna breytinga og endurbóta á hinu leigða og nýjum bílskúr. Í samningnum segir að verði ekki af framkvæmdum í samræmi við kostnaðaráætlun hækkar sveitarfélagið leigufjárhæð sem greidd er með peningum. Endurbætur og breytingar á hinu leigða, sem gerðar eru á samningstímanum verða eign sveitarfélagsins við lok leigutímans. Leigutaki áformar byggingu á vinnustofu/eftirvinnslu, sú framkvæmd verður í samráði við bæjarráð. Ef af byggingu verður ber sveitarfélaginu að leysa húsið til sín við lok leigutímans. Að leigutíma loknum mun standa eftir mun verðmætari eign á lóðinni.